

2. gr.

Niðurfelling tolla skv. 1. gr. er bundin eftirfarandi skilyrðum:

- a) Vörurnar séu í 10 kg umbúðum og stærri, þó ekki tilgreindar vörur úr toll-skrárnúmeri 19.05.00.
- b) Innflytjandi leggi stund á brauð-, kex- og/eða sælgætisgerð eftir atvikum og lýsi því yfir á aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu hverju sinni, að hin inn-flutta vara verði eingöngu notuð sem efnivara til brauð-, kex- og/eða sælgætis-gerðar eftir því sem við á

eða

innflytjandi lýsi því yfir á aðflutningsskýrslu, að varan verði eingöngu notuð sem efnivara til þeirrar framleiðslu sem um getur hér að ofan og framvísí jafn-framt yfirlýsingu frá framleiðanda (framleiðendum) slíkrar vöru um að við-
komandi vörusending sé keypt fyrir hans atbeina eða verði keypt af honum til nefndrar framleiðslu eingöngu.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin auglýsing nr. 1 5. janúar 1976.

Fjármálaráðuneytið, 14. september 1979.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

G J A L D S K R Á

yfir efnarannsóknir og aðra þjónustu, sem Rannsóknastofnun
landbúnaðarins annast.

1. gr.

Gjöld fyrir almennar efnarannsóknir, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast, skulu vera sem hér segir:

Fóðurefnagreiningar:

Vatn	kr. 500.00
Vatn í votheyi (Tolueneyming)	— 3 000.00
Meltanleiki in vitro	— 1 500.00
Protein (Kjeldhal)	— 2 500.00
Meltanlegt prótein	— 3 000.00
Tréni	— 2 500.00
Van Soest aðferð (Cellulósi, Hemicellulósi, lignin)	— 5 000.00
Þíta (eter extract)	— 2 000.00
Vatnsleysanlegur sykur	— 2 500.00
Aska	— 1 000.00
Brennisteinn	— 3 000.00
Kalsíum	— 2 000.00
Fosfór	— 2 000.00
Magnesium	— 2 000.00

Kalíum	— 2 000.00
Natríum	— 2 000.00
Kopar	— 2 500.00
Mangan	— 2 500.00
Zink	— 2 500.00
Járn	— 2 500.00
Joðtala	— 2 500.00
Peroxið gildi	— 2 000.00
Óbundnar fitusýrur	— 1 500.00
B ₁ vítamín	— 8 000.00
B ₂ vítamín	— 12 000.00
pH í vothegi	— 500.00
Sýrur + NH ₃ í vothegi	— 5 000.00
Heildarrannsókn á þurrhegi ¹⁾	— 3 500.00
Heildarrannsókn á vothegi ²⁾	— 8 000.00
Jarðvegsefnagreiningar:	
Fosfór (P)	— 1 100.00
Kalíum (K)	— 900.00
Nítrat (NO ₃)	— 900.00
Leiðnitala (Lt)	— 500.00
Sýrustig (pH)	— 500.00
Áætluð „kalkþörf“	— 1 100.00
Matvælaefnagreiningar:	
Prótein (Kjeldhal)	kr. 2 500.00
Nítrat	— 2 500.00
Nítrít	— 2 500.00
Píta (með soxhlet)	— 2 000.00
Tréni	— 2 500.00
Sykurefni	— 2 500.00
Aska	— 1 000.00
Vatn	— 1 000.00
Fitusýrugreining	— 50 000.00
Vatnsvirkni	— 4 000.00
Kalsíum	— 2 000.00
Fosfór	— 2 000.00
Magnesíum	— 2 000.00
Kalíum	— 2 000.00
Natríum	— 2 000.00
Járn	— 2 500.00
Salt	— 2 000.00
B ₁ vítamín	— 8 000.00
B ₂ vítamín	— 12 000.00
C vítamín	— 4 000.00
Plöntusjúkdómar og meindýr:	
Einfaldar greiningar á meindýrum og öðrum skaðvöldum	— 1 000.00
Umfangsmeyri greiningar á skaðaorsökum	— 2 000.00
Útgáfa heilbrigðisvottorða eða stimplun vegna inn- og út- flutnings plantna	— 1 000.00

1) Meltanleiki, prótein, steinefni

2) Meltanleiki, prótein, steinefni, pH, sýrur + NH₃.

2. gr.

Aðrar rannsóknir eru unnar í tímavinnu samkvæmt fyrirfram áætlaðri tímabörf.

3. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá, ef um er að ræða fyrirfram sammingsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið 10. september 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Sigþórsson.

27. ágúst 1979.

Nr. 368.

REGLUGERÐ

um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips greiði sýslumenn eða bæjarfógetar f. h. ríkissjóðs, laun svo sem hér segir til skipaskoðunarmanna, gegn reikningi þeirra.

Fyrir opinn bát	kr. 2 600
Fyrir opinn bát með vél	— 4 700
Fyrir þilfarsskip minna en 15 rúml.	— 8 400
Fyrir þilfarsskip 15 rúml. allt að 30 rúml.	— 10 500
Fyrir þilfarsskip 30 rúml. allt að 50 rúml.	— 14 100
Fyrir þilfarsskip 50 rúml. allt að 100 rúml.	— 16 200
Fyrir þilfarsskip 100 rúml. allt að 200 rúml.	— 24 100
Fyrir þilfarsskip 200 rúml. allt að 300 rúml.	— 27 200
Fyrir þilfarsskip 300 rúml. allt að 400 rúml. og stærri	— 34 000

Þegar skipta þarf launum, skal það gert þannig, að fyrir búnaðarskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti, fyrir vélaskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti og fyrir bolskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti. Hálf rúmllest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

2. gr.

Aukaskoðun, eftirlit með nýsmíði o. fl.

Fyrir aukaskoðun, mælingu skipa, eftirlit með nýsmíði, viðgerðum og breytingum greiðist samkvæmt reikningi skoðunarmanna, sama gildir um ferðakostnað.

Skal greiðslan vera kr. 1 500 á klst. á tímabilinu 08.00—17.00, en kr. 2 300 á öðrum tíma dags og á laugar- og sunnudögum.

Bifreiðakostnaður skal greiddur með kr. 87.00 fyrir ekinn kílómeter.

3. gr.

Hleðslumerkjaskoðun.

Fyrir hleðslumerkjaskoðun og áritun hleðslumerkjaskírteinis greiðist kr. 5 200.00